

1. fundur veitustjórnar haldinn föstudaginn 29. júní 2018 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Aðalsteinn byrjaði á því að bjóða nýja veitustjórn velkomna til starfa og fór yfir verkefni nefndarinnar. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Kópsvatnsholan. Samningar.

Fyrir liggja drög að samningum milli Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf. Annars vegar er um að ræða verksamning vegna byggingar á stöðvarhúsi við Kópsvatnsholuna og hins vegar leigusamning milli sömu aðila um stöðvarhúsið. Veitustjórn samþykkir að fela veitustjóra og sveitarstjóra að ganga frá samningunum í samráði við lögmann og endurskoðanda Hitaveitu Flúða.

2. Hreinsistöð á Flúðum.

Hannibal fór yfir tilboð sem hafa borist vegna kaupa á hreinsistöð við Félagsheimilið á Flúðum, þær útfærslur sem stóðu til boða og val á þeirri hreinsistöð sem ákveðið hefur verið að kaupa í verkefnið. Veitustjórn felur veitustjóra að ganga frá samningum við lönver um kaup á hreinsistöð við Félagsheimilið.

3. Hitaveita Grafarhverfis.

Farið var yfir fundargerð aðalfundar Hitaveitu Grafarhverfis ehf og ársreikning fyrir árið 2017.

4. Önnur mál.

Hannibal og Jón fóru yfir stöðu framkvæmda vegna Hrunaljóss. Upplýst var að verið er að breyta samþykktum Hrunamannahrepps þannig að veitustjórn fjalli um málefni Hrunaljóss. Veitustjórn samþykkir að aðalfundartími veitustjórnar verði síðasta mánudag hvers mánaðar kl. 15:00. Fundargögn fyrir veitustjórn verði vistuð á skýinu fyrir aðal- og varamenn. Hannibal fór yfir stöðuna á hreinsibílnum og Saurbæ á Flúðum. Hannibal fór yfir endurnýjun á öllum mælum fyrir hita- og vatnsveituna.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:10.